



TK

1. Svör frá hvaða nefnd:
 - a. Tækninefnd karla
2. Hver er í nefndinni, fullt nafn og hlutverk hvers og eins:
 - a. Sigurður Hrafn Pétursson, Formaður, alþjóðlegur dómari
 - b. Daði Snær Pálsson, Varaformaður, alþjóðlegur dómari
 - c. Eva Hrund Gunnarsdóttir, meðlimur, E dómari og starfsmaður FSÍ
 - d. Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, meðlimur, alþjóðlegur dómari
3. Hlutverk nefndarinnar í stuttu máli. Reyna að styðjast við 2-5 setningar:
 - Tækninefnd mótar stefnu FSÍ í áhaldafimleikum karla, leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að bættum árangri iðkenda. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni. Nefndin sér um að mennta dómara og endurskoða og endurmeta íslenska fimleikastigann. Nefndin aðstoðar skrifstofu við skipulag og uppsetningu á mótaskipulagi.
4. Helstu verkefni árinu (setja fyrirsögn fyrir hvert verkefni):
 - a. Ólympíuleikar í París í júlí og ágúst
 - i. Björn Magnús Tómasson fór sem dómari eftir að hafa náð mjög góðum árangri á Heimsmeistaramótinu í Antwerpen í Belgíu 2023
 - b. Útgáfa á nýjum fimleikastiga, <https://islenskifimleikastiginn.is>
 - c. Alþjóðlegt dómaranámskeið, í Sviss í desember og í Búdapest í janúar
 - i. Eignuðumst 4 alþjóðlega dómara
 1. Björn Magnús Tómasson
 2. Daði Snær Pálsson
 3. Guðmundur Þór Brynjólfsson
 4. Sigurður Hrafn Pétursson
 - d. Innlent dómaranámskeið í mars, með rafrænum prófum og 31 dómari endurnýjaði réttindin sín. Námskeið og próf fyrir nýja dómara verður haldið í haust.
 - i. Fjölguðum D dómurum úr 8 í 17, 5 sem endurnýjuðu réttindin sín og 12 sem uppfærðu úr E dómararéttindum.
 - ii. 14 E dómarar sem endurnýjuðu réttindin sín
5. Hverjir eru landsliðsþjálfarar:
 - a. Róbert Kristmannsson
 - b. Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, unglingar
 - c. Alek Ramezanpour, youth program
6. Uppfærðar keppnisreglur kröfur móta og undanþágur:
 - a. Code of Points uppfært 25.apríl 2025
 - b. Íslenski fimleikastiginn <https://islenskifimleikastiginn.is>
7. Hafa orðið breytingar á greininni á árinu, ef svo er, hverjar:
 - a. Alþjóðleg Tækninefnd í áhaldafimleikum karla gaf út nýjan Code of Points í júlí 2024 og uppfærða útgáfu 25.apríl 2025.
 - b. Helstu breytingarnar eru til að nefna nokkrar:
 - i. að fimleikamenn geta sett seríurnar sínar saman úr 8 mómentum í stað 10 í gömlu reglunum.



- ii. að sérkrafan fyrir afstökk gildir jafn mikið og afstökkið á boga, hringjum, tvíslá og svífrá.
 - iii. að upphitunartíminn er núna 50 sekúndur á öllum áhöldum og 2 stökk á stökki.
- c. Tækninefnd karla gaf út nýjan fimleikastiga
- d. Helstu breytingarnar eru til að nefna nokkrar:
 - i. 1.þrep breytist úr frjálsum æfingum í fastmótað þrep með mörgum valmöguleikum, sem var bæði gert til að veita þjálfurum sniðmát til að setja upp sérúr og til að gera dómurum auðveldara með að dæma 1.þrep.
 - ii. Til að búa 1.þrepið til var margt notað úr 2.þrepi, sem olli því að það þurfti að nota æfingar úr 3.þrepi upp í 2.þrep.
 - iii. Það endaði á því að það þurfti að búa til nýtt 3.þrep en það gerir skrefið úr 4.þrepi upp í 3.þrep minna og úr 3ja í 2.þrep líka minna.
- 8. Innlend mót/sýningar:
 - a. Ekki þarf að koma fram hvar mótin voru haldin, fjöldi sem tók þátt, félög sem tóku þátt og hver hélt mótið (það kemur allt fram í töflu í skýrslunni). Einungis þarf að koma fram ef breyting hefur orðið á milli ára, t.d. nýtt skipulag, fækkað eða fjölgað á mótum, félag að taka þátt í fyrsta skipti, sýnt í sjónvarpi í fyrsta skipti eða eitthvað sem tekið var sérstaklega fyrir á árinu.
 - b. Engar sérstakar breytingar á mótafyrirkomulagi þetta árið.
- 9. Erlend mót:
 - a. Ólympíuleikar 26.júlí - 11.ágúst 2024
 - i. Dómari: Björn Magnús Tómasson
 - b. Norður Evrópumót í Írlandi 19.sept - 22.sept 2024
 - i. Dómarar: Davíð Ingason, Sigurður Hrafn Pétursson
 - c. World Challenge Cup í Szombathely Ungverjalandi 4.okt - 6.okt 2024
 - i. Dómari: Enginn sendur
 - d. Apparatus World Cup í Osijek Króatíu 8.apríl - 13.apríl
 - i. Dómari: Sigurður Hrafn Pétursson
- 10. Sýningaferðir:
 - a. Hvaða hátíð, hver var farið, hvenær og fjöldi þátttakenda (félög eða hópar), fararstjórar, þjálfarar og fylgdarlið.
 - b. Á ekki við
- 11. Námskeið/fræðsludagar/kynningafundir/fundir sem haldnir voru á Íslandi eða farið var á erlendis:
 - a. Alþjóðlegt dómaranámskeið, í Sviss í desember og í Búdapest í janúar
 - b. Innlent dómaranámskeið í mars
 - i. Kennarar á námskeiðinu voru Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson
- 12. Kennarar/þjálfarar sem kenndu á námskeiðum/fræðsludögum:
- 13. Erlendir kennarar/þjálfarar sem fengnir voru til landsins:
- 14. Voru fengnir styrkir á árinu? Ef svo er, hverjir:
- 15. Hvað er framundan:
- 16. Annað sem þarf að koma fram:



Þegar skýrslan hefur verið fullgerð biðjum við nefndir um að taka saman um 150 orða úrdrátt úr skýrslunni sem birtur verður í skýrslu stjórnar. Þegar skýrslan er kynnt af formanni nefndar á þingi mælum við með að styðja við úrdrátt úr skýrslu.

Úrdráttur:

Ólympíuleikarnir fóru fram í París 2024 og Björn Magnús Tómasson fór þangað sem dómari eftir að hafa staðið sig frábærlega á Heimsmeistaramótunum í Liverpool 2022 og í Antwerpen 2023 en þau voru ásamt nokkrum Heimsbikarmótum og Heimsmeistaramótum unglunga notuð sem úrtökumót fyrir dómara inn á Ólympíuleikana. Dómarar eru nefnilega dæmdir fyrir sín störf á stórmótum.

Þetta voru fimmtu Ólympíuleikarnir sem Björn dæmdi.

Störf tækninefndarinnar á tímabilinu hafa að mestu snúið að verkefnum tengdum mótahaldi innanlands auk þess að sinna menntun dómara á Íslandi.

Tækninefndin valdi Björn til að fara á Intercontinental námskeið í Sviss í desember eftir góðan árangur á Ólympíuleikunum og category 2 og category 3 dómara til að endurnýja réttindin sín í Búdapest.

Haldið var innlent dómaranámskeið í mars sem Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson kenndu upp úr Code of Points og úr Íslenska fimleikastiganum. Þátttakendur fengu kynningu á reglunum og útskýringar á smáatriðum á hverju áhaldi. Í lok hvers áhalds voru nokkrar æfingar dæmdar og farið yfir hverja æfingu saman til að öðlast sameiginlegan skilning. Góð þátttaka var á námskeiðinu og þaðan útskrifuðust 31 dómari. .